


FRIDLAND FUGLANNA

SÝNING Í NÁTTÚRUSETRINU Á HÚSABAKKA Í SVARFAÐARDAL



SÝNING Í NÁTTÚRUSETRINU Á HÚSABAKKA Í SVARFAÐARDAL

Í grunninn byggir sýningin á bókinni „Fuglar í náttúru Íslands“ eftir Guðmund Pál Ólafsson náttúrufræðing og er hún unnin í samstarfi og samráði við hann og bókaútgáfuna Mál og Menningu. Hún er helguð minningu Hjartar Þórarinssonar bónda á Tjörn sem gekkst fyrir stofnun Friðlands Svarfdæla.



NÁTTÚRUSETRIÐ Á HÚSABAKKA

Gerð sýningarinnar er liður í uppbyggingu Náttúruseturs á Húsabakka. Þar var rekinn grunnskóli til ársins 2005 og því nóg húsnæði sem kallar á nýja starfsemi. Starfsemi Náttúrusetursins má skipta í fjóra þætti:

1. Náttúruskóli - Þar er boðið upp á skólabúðir og námskeið um umhverfis- og náttúrufræði.
2. Fræðasetur - Miðstöð fyrir erlenda og innlenda háskólahópa, fræðimannsíbúð, bókasafn og rannsóknaraðstaða.
3. Ferða og ráðstefnumiðstöð - Gisting, eldhús, fundarsalir ofl.
4. Sýning "Friðland Fuglanna".

Sýningunni er ætlað að laða til sín jafnt fuglaáhugamenn sem og almenna gesti, unga sem aldna - en ekki síst börn. Hún myndar um leið eins konar þungamiðju um rekstur fræðaseturs og ferðamiðstöðvar á Húsabakka og ýtir enn frekar undir komu skólahópa sem sækja þar námskeið tengd náttúrufræði, útivist og umhverfisfræðslu.



FRÍÐLAND SVARFDÆLA

Sýningin „Friðland Fuglanna“ tengist einnig fjölbættri uppbyggingu í Friðlandi Svarfdæla. Meðal annars með fræðslustígum og fugla-skoðunarhúsum og bættu aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Friðland Svarfdæla er elsta votlendisfriðland á Íslandi stofnað að frumkvæði bænda í Svarfaðardal á „gullöld skurðgröfunnar“ á Íslandi árið 1972. Húsabakki er staðsettur nánast í hjarta Friðlandsins og verður sýningin því einkonar gestastofa Friðlandsins.





SÝNINGIN

Sýningin „Friðland Fuglanna“ fjallar um fugla, vistkerfi votlendis og náttúruvernd. Hún höfðar til barna jafnt sem fullorðinna og er ætlað að vekja umhugsun og áhuga á náttúrunni og náttúruvernd. Sér í lagi vekur hún áhuga á undraveröld fuglanna.

„Sögupráður“ sýningarinnar er líkt og í bók Guðmundar Páls - ár í lífi farfugls - með hinum og þessum útdúrdúrum. Sjónum er beint að farfuglum og þeirra fjölbreytilegu lífnaðarháttum (vetrarstöðvum, farflugum, tilhugalífi, fuglasöng, hreiðurgerð, ungauppeldi o.s.frv). Einnig er hugað að hlut fugla í íslenskri menningu, þjóðtrú, ljóðum, og bókmenntum.

Það leiðir hugann að ástæðunum (hvatunum) fyrir hinum fyrirhafnarsömu lífnaðarháttum farfuglanna en þær er einmitt að finna í gróskumiklu lífríki votlendis Íslands. Þá er líka fundin ástæðan fyrir verndun votlendis og náttúruvernd almennt. Það beinir svo aftur sjónum gesta að Friðlandi Svarfdæla og stofnun þess á árdögum náttúruverndarhreyfinga á Íslandi.



ÚTLIT SÝNINGAR

Við útlitshönnun sýningarinnar er lögð sérstök áhersla á að hún sé í samræmi við tíðaranda hússins. Loft og veggir verða þannig dúngrá með mjög litríkum bakgrunnum fyrir það sem sýnt er og einnig verða allir textar í skærum litum.

Þeir hlutir sem sýndir verða á veggjum munu liggja undir gleri sem er sett upp þannig að vel lofti á milli veggjar og glers eða ca 4- 5 cm bil. Þetta mun gefa tækifæri til að setja mjög þrívíða hluti á bak við glerin. Eins eru þeir gluggar sem lokað er fyrir notaðir á sama hátt þ.e. með gleri sem lagt er fyrir.

Þrívíðir stórir hlutir á miðju gólfi munu stýra fólki um svæðið auk þess að skapa fleiri fleti fyrir sýningarmuni.



POTEMKIN hönnun ehf. Eyjarsló: 9 101 Reykjavík. SíMAR: 8962308 / 5511287 email: arnipe@vortex.is
 LEIðMYNDIR/SNIÐINGAR / SOFN Dags: SKALI: Nr.: Verk:

ÞRÓUN / LÍFFRÆÐI | VOR / SUMAR / HAUST VETUR
 MENNING / VOTLENDI OG UMHVERFISVERND
 FRIÐLAND SVARFDÆLA

EKKI FUGLAR Í SKÁPUM

Sýningin er í tveim stofum (60 m²) á efstu hæð Húsabakkaskóla en teygir anga fram á pall og niður í opinn stigagang. Þaðan er gott útsýnini yfir allt Friðlandið en fræðslugöngustígar liggja um friðlandið frá Húsabakka.

Alls verða 44 atriði innan sýningarinnar. Sérstaða þeirra er m.a. fólgin í óhefðbundnum framsetningum, svo sem margmiðlun og snertanlegum munum. En umfram allt skemmtilegum og fróðlegum upplýsingum um fugla sem margar hverjar koma á óvart. Söguþráðurinn er „ár í lífi fugls“ með ýmsum útúrdúrum. Leitast verður við að skoða þróunarsögu fugla, ýmsa líffræðilega og eðlisfræðilega eiginleika þeirra en ekki síður hið menningarlega hlutverk þeirra, ljóð, söngva og sögur.

Með því að skoða ferðir farfuglanna beinist athyglin að ástæðunni fyrir komu þeirra hingað. Hana er að finna í Íslensku votlendi. Það skýri þá líka ástæðu þess af hverju votlendi ber að vernda og af hverju Friðland Svarfdæla var stofnað árið 1972.

SÝNINGARATRIÐI

Atriðin eru flest samsett (þ.e. texti, myndir, munir og margmiðlun) en misjafnlega margþætt.

ÞRÓUN

- 1) Hvað er fugl?
- 2) Eðlufuglinn öglir
- 3) Flórgoði - Podiceps auritus
- 4) Fjaðrir / fiður
- 5) Bygging fjöður
- 5,5) Eðlisfræði flugsins

LÍFFRÆÐI

- 6) Flokkun og sérhæfing
- 7) Fæðuöflun fugla
- 8) Með kjafti og klóm
- 9) Sá stærsti og sá minnsti
- 10) Hvað verða þeir gamlir?
- 11) Fiðraðir öldungar

VOR

- 12) Hvert fljúga farfuglarnir?
- 13) Kría - Heimsmeistarinn í langflugi
- 14) Flugturn Flugturn !! Varúð!! - Álftir á 200 km hraða! - Í 8,2 km hæð! - Í 48°C frosti!
- 15) Tilhugalífi og búsgir
- 16) Að stíga í vænginn
- 17) Fuglasöngur
- 18) Fugl dagsins
- 19) Lóan sigraði í Evrópufuglasöngvakeppninni í ár
- 20) Hljóðfærahornið
- 21) Hvað segja þeir?
- 22) Dýrðin Dýrðin
- 23) Himnaríkis- eða skítflugl?

SUMAR

- 24) Hreiður
- 25) Egg
- 26) Hvernig tolla svartfuglsegga á mjóum klettasyllum?
- 27) Hænsnfuglar - Íslandsmeistarar í varpi

HAUST

- 28) Hvar eru farfuglarnir á vetrum?
- 29) Oddaflug

VETUR

- 30) Íslensk hörkutól

MENNING

- 31 Fuglarnir og skáldin
- 33) Fuglarnir og þjóðtrúin.

VOTLENDI OG UMHVERFISVERND

- 34) Fuglar þurfa votlendi
- 35) Gullöld skurðgröfunnar
- 36) Kolvetnissprengjan
- 37) Keldusvín

FRÍÐLAND SVARFDÆLA

- 38) Friðland Svarfdæla
- 39) Íbúaskrá Friðlands Svarfdæla
- 40) Vatnasvæði Friðlands Svarfdæla
- 42) Að sýna aðgát
- 43) Eiginleikar fuglanna
- 44) Sjálfbærar nytjar votlendis



DÆMI UM SÝNINGARATRIÐI

Atriðin á sýningunni eru ýmist munir, s.s. uppstoppaðir fuglar ásamt texta og myndum, en ekki síður margmiðlunarstöðvar og snertimunir þar sem gestir fá að handfjatla og gera tilraunir. Það mun gefa sýningunni enn meiri sérstöðu og dýpt. Hún er einstök leið til fræðslu því að með gagnvirkninni er “reynslu” áhorfenda breytt í þekkingu. Hugmyndin er að gesturinn samsami sig við viðfangsefnið, læri það helsta um einstakar tegundir og Friðlandið í heild en ekki síst; öðlist virðingu fyrir náttúrunni og náttúruvernd.



ATRÍÐI NR. 2

EÐLUFUGLINN ÖGLIR

TEXTI / MYNDIR / MARGMIÐLUN

Á tímum risaeðlanna - á júratímanum- komu fuglar fram á sjónarsviðið. Elsti varðveitti fuglasteingerfingurinn er um 150 milljón ára gamall. Hann fannst árið 1860 í setlögum í Solnhofen í Þýskalandi. Um var að ræða eðlufugl sem hlaut tegundaheitið Archaeopteryx lithographica en er í daglegu tali nefndur ÖGLIR.

Mynd af ögli

Skjár með myndskreiði af eðlufugli. Notendum gefst tækifæri á að sjá myndræna þróun fugls frá júratíma til dagsins í dag með því að "draga" tímaás.

Veggspjald - Tímalína - tímaskeið jarðsögunnar - gerlar - eðlur - fuglar- spendýr - menn

Kort



ATRIÐI NR. 3

FLÓRGOÐI - PODICEPS AURITUS

MUNIR / TEXTI / MARGMIÐLUN

Uppstoppað flórgoðapar á bak við gler. Stækkunargler sem felld eru inn í glerið framan við fuglinn vekja athygli á nokkrum líkamspörtum.

Ekki ÖND heldur GOÐI

Flórgoðinn er forn í þróunarsögunni. Til eru 70 milljón ára steingervingar af fugli af goðaætt. Goðarnir eru um margt frábrugðnir öðrum fuglum .

(Stækkunargler) -Þeir hafa ekki sundfit heldur sundblöðkur á tánum

(Stækkunargler) -Fjaðrirnar eru mjög fingerðar og þéttar nánast eins og hár (um 20 þúsund fjaðrir á þessum litla kroppi)

(Stækkunargler) -Þeir hafa engar stélfjaðrir

(Stækkunargler) -Staðsetning fótanna aftast á bóknum gerir þá afbragðs kafara en þunga til gangs. Aftur á móti dansa þeir flestum betur „Villimannadans“ í tilhugalífinu og við fleiri tækifæri. Hefja sig upp úr vatninu, breiða út höfðuskrúða sinn og til að gera dansinn enn tilkomumeiri grípa þeir slý í gogginn og sveifla því um sig.

SKJÁR :Flórgoðadans



ATRÍÐI NR. 5,5

EÐLISFRÆÐI FLUGSINS

SNERTIMUNUR

Loft á hreyfingu er léttara en kyrrt loft. (Þess vegna er flugvélarvængur kúptur að ofan) Því hraðar loftið það hreyfist þeim mun meiri er lyftigeta þess

Kassi með væng (fugl flugvél) og blásari sem blæs lofti yfir vænginn og hann lyftist.



ATRIÐI NR. 8

MEÐ KJAFTI OG KLÓM SNERTIMUNUR

Tangir í laginu eins og 1: Horssagauksnef, 2: Snjótittlingsnef + krukka með vatni og gervipöddu + önnur krukka með fuglafræi.


Hvor goggurinn hentar betur til að tína smádýr í grunnu vatni og hvor hentar til að brjóta fræ til mergjar?



ATRÍÐI NR. 9

SÁ STÆRSTI OG SÁ MINNSTI SNERTIMUNUR


Íslenskir fuglar eru af öllum stærðum og gerðum
*Uppstilling af álfri og glókollu – Lóð fyrir framan 12 kg
og 8 gr.*



ATRÍÐI NR. 12

FARFUGLARNIR Í FRÍÐLANDI SVARFDÆLA MARGMIÐLUN

Hnattlíkan (hálfkúla) verður komið fyrir á miðju gólfi. Útlínur landanna á við Atlantshaf sjást á annars hvítum hnettinum. Á gólfi umhverfis hann sjást táknmyndir ólíkra farfugla. Þegar notendur stíga að einhverri táknmynd birtist á hnettinum hreyfimynd (ljós) sem sýnir ferðalag viðkomandi fugls ásamt upplýsingum um vegalengdir, stoppstöðvar, hraða o.sfrv



ATRÍÐI NR. 17

FUGLATÓNLIST MARGMIÐLUN

Gagnvirkt borð þar sem notendur skapa sína eigin upplifun með blöndun ólíkra fuglahljóða. Gestir velja spjöld merkt ólíkum fuglategundum. Þegar þau eru lögð á borðið spilast söngur viðkomandi tegundar. Með því að snúa spjaldinu eykst tíðni söngsins og með því að færa spjaldi að sér eða frá sér breytist tónhæð þess. Gestir geta þannig skapað fuglasinfóníu með blöndun ólíkra hljóða. Þessi útfærsla býður einnig upp á að lífandi myndupplýsingar birtist í borðinu umhverfis spjöldin.



ATRIÐI NR. 18

FUGL DAGSINS
MARGMIÐLUN

Snertiskjár þar sem notendum gefst tækifæri á að para saman tvo af eftirfarandi þáttum: Mynd, nafn eða hljóð. Þari þeir rétt birtist þriðji þátturinn og fullkomnar myndina.



ATRIÐI NR. 20

HLJÓÐFÆRAHORNID
SNERTIMUNIR

*Hljóðeinangrað skot
Flautur, skröpur, og tístur sem mynda fuglahljóð*



ATRÍÐI NR. 26

HVERNIG TOLLA SVARTFUGLSEGG Á MJÓUM KLETTASYLLUM?

SNERTIMUNUR

*Af hverju verpa stokkendur ekki í fuglabjörgum.
Tilraun: Eftirlíking af langvíueggjum og andareggjum og hallandi hilla á
vegg.*



ATRÍÐI NR. 35

GULLÖLD SKURÐGRÖFUNNAR

TEXTI / MYNDIR / SNERTIMUNIR

Ísland. Nokkrir naglar tákna Akureyri, Blönduós. Ísafjörð, Egilsstaði, Höfn, Selfoss Reykjavík. Bandspotti samsvarar skurðum á landinu. Hvað samsvara skurðirnir mörgum sinnum vegalengdinni Reykjavík-Akureyri? Hvað samsvarar spottinn mörgum sinnum hringveginum um landið?




ATRÍÐI NR. 41

FUGLAR Í NÁTTÚRU ÍSLANDS

MARGMIÐLUN

Gagngrunnur unninn upp úr bókinni "Fuglar í Náttúru Íslands" eftir Guðmund Pál Ólafsson. Notendum gefst tækifæri á að sækja sér upplýsingar um allt það helsta sem vitað er um íslenska fugla.



ATRIÐI NR. 42

AÐ SÝNA AÐGÁT MARGMIÐLUN

Gengið er að vegg sem sýnir "lifandi" fuglahópa með mismunandi tegundum. Ef gengið er að honum óvarlega fælast fuglarnir og notandinn verður engu nær. Ef nálgunin er róleg og hljóðlát sitja fuglarnir lengur og nánari upplýsingar fást. Notendur finna og upplifa styggðarstuðul ólíkra tegunda og læra að umgangast þá af virðingu.




ATRÍÐI NR. 43

EIGINLEIKAR FUGLANNA

MARGMIÐLUN

Margmiðlunargrunnur þar sem notandi þarf að hreyfa sig á ákveðinn hátt (t.d. blaka út vængjunum) til að nálgast upplýsingar um ólíkar tegundir. Hreyfingar gestsins endurspegla hvaða fugl birtist honum. Hægar stórar hreyfingar kalla á álf en litlar hraðar hreyfingar á hrossagauk o.s.frv. (Þetta geta verið aðrar hreyfingar og/eða litaval). Upplýsingar um hraða, stærð, þyngd, vænghaf og fleira birtist ásamt myndskaiði.



UM SÝNINGUNA

Sýningin opnar í tveim áföngum sumarið 2011 og 2012 í rúmlega 60m² rými þar sem áður voru skólastofur í Húsabakkaskóla. Um rekstur og utanumhald sér Náttúrusetrið á Húsabakka en að því standa Dalvíkurbyggð, KEA, Sparisjóður Svarfdæla og Hollvinafélag Húsabakka. Sýningin er unnin í samstarfi og samráði við Guðmund Pál Ólafsson, bókaútgáfuna Mál og Menningu, Byggðasafnið Hvol á Dalvík ofl.

Verkefnisstjórn og textagerð

Hjörleifur Hjartarson

Hjörleifur Hjartarson er forstöðumaður Náttúrsetursins á Húsabakka. Hann hefur starfað jafnt að kennslu, ritstörfum og tónlist til margra ára og er auk þess heimavanur í Friðlandi Svarfdæla.

Hönnuður

Árni Páll Jóhannsson

Árni Páll Jóhannsson er meðal þekktustu sjónlistamanna á Íslandi. Hann hefur áratuga reynslu sem listrænn stjórnandi og leikmyndahönnuður fyrir sýningar, kvikmyndir og leikhús. Verk hans eru hátt í 100 talsins og hafa þau verið sett upp í fjölmörgum löndum.

UM GAGARÍN

Gagarín sérhæfir sig í hönnun og framleiðslu stafrænna lausna fyrir gagnvirka miðla. Fyrirtækið býr að langri reynslu á sviði margmiðlunar og hefur getið sér gott orð fyrir áhugaverðar lausnir bæði á Íslandi og erlendis.

Meðal sýninga og verkefna sem Gagarín hefur unnið að eru:

- Heimssýningarnar 1998 og 2000.
Viðskiptavinir: Utanríkisráðuneytið, www.mfa.is og Útflutningsráð Íslands, www.utflutningsrad.is
- PURE ICELAND á Vísindasafninu í London 2005. Viðskiptavinur: Íslenska sendiráðið í London og Utanríkisráðuneytið, www.mfa.is
- Sýning í Helligheildarvirkjun, 2008.
Viðskiptavinur: Orkuveita Reykjavíkur, www.or.is
- Reykjavík 871 +/- 2, 2006. Viðskiptavinur: Minjasafn Reykjavíkur, www.minjasafnreykjavikur.is / www.reykjavik871.is

- Þjóð verður til, 2004 og Á efsta degi, 2007.
Viðskiptavinur: Þjóðminjasafn Íslands, www.natmus.is
- Rússneskir sjómenn, 2007. Viðskiptavinur: Perspektivet Museum, Tromsø, www.perspektivet.no
- Skrímsli í gagnvirku borði, 2009.
Viðskiptavinur: Skrímslasetrið Bildudal
- Skólaþing – hlutverkaleikur fyrir námsmenn, 2007. Viðskiptavinur: Alþingi, www.skolathing.is
- Eldmessan, stuttmynd um Skaftárelda, 2008.. Viðskiptavinur: Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri
- Tusenårsstaden Gulatinget.